



FRAMKVÆMDARÁÐ SSA

FUNDARGERÐ

Símaf. var haldinn í framkvæmdaráði SSA fö. 9. sept. 2011. Hófst kl. 09:00. Í síma-samb. voru: Valdimar O. Hermannsson, Stefán Bogi Sveinsson og Páll Baldursson. Einnig sat fundinn Bj. Hafþór Guðmundsson, frkvstj. SSA, sem ritaði fundargerð.

Fundarefni:

1. Undirbúningur símafundar í stjórn SSA kl. 12:00.

a) Frágangur fundargerðar stjórnar SSA 6. sept. 2011 og tilögur um verkefni og frágang gagna v/ fjárfestingaáætlunar 2012.

Efnislega var farið yfir fyrirliggjandi drög að fundargerðinni, þ.e. lið 1, er varðar fjárfestingaverkefni. Fram kom hugmynd um á hvern hátt leggja á upp með verkefni nr. 1 – 2 (landssamgöngur) í framsetningu ebl. Mun hún liggja fyrir á fundi stjórnarinnar í dag og verða færð inn í fundargerð þess fundar.

b) Staða mála við frágang gagna vegna annarra verkefna v/ fjárfestingaáætlunar 2012 (verkefni SSA nr. 3 – 7).

Fyrir liggja nokkuð endanleg drög að útfylltum ebl. eins og þau eru skilgreind í drögum að fundargerð stjórnar SSA frá 6. sept. 2011. Framkvæmdaráðið lýsir yfir ánægju með gögnin, en telur eðlilegt að bíða eftir viðbrögðum fulltrúa sveitarfélaganna, sem fengið hafa þau til skoðunar.

c) Tillögur landshluta vegna samgönguáætlunar 2012.

Fram kemur í sendingu úr „irr“ að ráðherra hafi sent samgönguráði fjárhagsramma fyrir tólf ára og fjögurra ára samgönguáætlanir og að „samgöngustofnanir“ munu á næstu 2 vikum ljúka vinnslu tillagna sinna. Megináherslur landshlutasamtaka í samgöngumálum þurfa þær að berast eigi síðar en 16. sept. eigi þær að verða til hliðsjónar á vinnslustigi samgönguáætlunar.



Samgönguáætlun og sóknaráætlanir lands

Rifjað var upp að á kynningarfundum á Hótel Sögu um verkefnið f. hl. maí 2011 hefðu komið fram sterkar óskir m.a. frá SSA þess efnis að skilafrestur yrði til 1. okt., en ekki 1. sept. eins um var rætt á þeim tíma. (Nú er skilafrestur eins og að framan greinir til 16. sept.). Næsti aðalfundur SSA verður um næstu mánaðamót og er ljóst að þar verða samgöngumál mjög sýnileg í vinnu sérstakrar starfsnefndar á fundinum svo sem hefð er fyrir. Með vísan til þess var samþ. að fela frkvstj. að óska eftir viðbótarfresti til 3. okt. 2011 til að hægt sé að koma áherzlum þess aðalfundar inn í vinnsluferlið.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 09:40. Bj. Hafþór Guðmundsson, fundarritari.